

Fyrnist yfir allt

Hugmyndir að spurningum og verkefnum með smásögu Svövu Jakobsdóttur

Hvenær heldur þú að sagan gerist?

Hvína var leiksystir telpunnar, segir í sögunni. En hvað fleira gæti hún táknað í sögunni að þínu mati?

Settu þig í spor telpunnar sem þurfti að flytja til nýs lands og læra nýtt tungumál. Hvernig myndi þér líða við svipaðar aðstæður?

Hvers vegna heldur þú að telpan hafi slegið Nancy utan undir í bílnum?

Hvers vegna heldur þú að kinnhestinum skjóti upp aftur og aftur í sögunni?

Hvað heldur þú að radíótímabilið eigi að tákna?

Hvers vegna er mikilvægt að læra tungumálið í því landi sem maður sest að í?

Af hverju var Sína föst í landamærahliðinu?

Hvers vegna heldur þú að Sína hafi í augum telpunnar orðið að norn sem vildi gefa henni eitraðan brjóstsýkur?

Hvað átti Sína við þegar hún hvíslaði í eyra telpunnar „fyrnist yfir allt“ á uppboðinu þegar dúkkurúmið hennar var selt?

Hvernig skilur þú sögulokin?

Hugmyndir að öðrum verkefnum sem má vinna í hóp, pörum eða einn sér

- Að búa til teiknimyndaseríu út frá sögunni.
- Að semja dans út frá efni sögunnar.
- Að búa til stuttmynd út frá sögunni.
- Að búa til bútasaumsteppi með völdum atriðum úr sögunni.
- Að semja leikþátt upp úr sögunni.
- Að skrifa ritgerð um söguna og túlkun á henni.
- Að semja tónlist við söguna eða teiknimyndasögu ellegar stuttmynd.
- Að búa til klippimynd um valið atriði úr sögunni.